

## 077/01 - Venus HF 519

Venus HF 519, skipverji slasast er hann klemmist við vinnu

### Venus HF 519

**Skipaskr.nr.:** 1308

**Smíðaður:** San Juan Spáni 1973 Stál

**Stærð:** 1.156,11 brl; 1.779,00 bt

**Lengd:** 69,22 m **Breidd:** 11,60 m **Dýpt:** 7,50 m

**Vél:** MaK 2.355,00 kW **Ágerð:** 1980

**Annað:**

**Földi skipverja:** 27



### Atvikalýsing

Hinn 12. ágúst 2001 var frystitogarinn Venus HF 519 á togveiðum úti fyrir strönd Grænlands.

Tveir skipverjar voru að að úða vatni (glassera) yfir fiskblokkir á vinnslulínu fyrir aftan frystitækin. Annar skipverjinn sá að síðasta blokkin í þönnunni hafði ekki losnað úr henni. Hann ætlaði að reyna að ná henni úr þönnunni með því að toga hana til baka en við það klemmdi hann þumalfingur hægri handar á milli hennar og hliðs. Skipverjinn missti framan af fingurgóm og var hann sendur með öðru skipi til Reykjavíkur.

### Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.